

Námsáætlun í íslensku fyrir 4. bekk 2011-2012

Tímabil: Haustönn

6 kennslustundir á viku

Kennari: Steinunn L. Ragnarsdóttir og Valgerður L. Daníelsdóttir

Markmið

Markmið í íslensku eru í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

Talað mál og hlustun

Við lok 4. námsárs á nemandi að

- hafa skýran og áheyrilegan framburð
- hafa lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- geta endursagt ýmiss konar texta eða frásagnir
- vera fær um að tjá sig frammi fyrir hópi og standa fyrir máli sínu
- geta sagt frá eftirminnilegum atburðum
- hafa tileinkað sér þær reglur sem gilda í samræðum
- geta fylgt fyrir mælum
- hafa hlustað á upplestur, sögur, leikrit og ljóð
- hafa horft á leikþætti og söngatriði á sviði eða af myndbandi
- þekkja fróðleik, svo sem þulur og þjóðsögur

Lestur og bókmenntir

Við lok 4. námsárs á nemandi að

- geta lesið sér til gagns og gamans, hátt og í hljóði
- geta valið sér bækur eftir áhugasviði og lesið sögur og ljóð sér til ánægju
- kunna að afla sér upplýsinga úr bókum og af Netinu
- þekkja hugtökin söguþráð, sögupersónur og boðskap
- hafa kynnst fjölbreyttum textum, innlendum og erlendum, fornum og nýjum
- þekkja nokkur hugtök í bragfræði svo sem kvæði, þulu, vísu, ljóðlínu og erindi
- kunna nokkur ljóð og hafa flutt þau fyrir aðra
- geta lesið úr myndrænu efni, svo sem kvikmyndum fyrir börn, einföldum skýringarmyndum og kortum

Ritun

Við lok 4. námsárs á nemandi að

- geta skrifað skýrt og læsilega
- þekkja einfaldar stafsetningarreglur, svo sem um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum og reglur um sérhljóð á undan *ng* og *nk*
- vera fær um að endursegja og skrifa eftir frásögn og upplestri
- hafa tjáð hugmyndir sínar og reynslu
- þekkja grunnþætti í byggingu texta, inngang, meginmál og niðurlag
- geta skrifað einfaldan texta á tölvu og hafa fengið leiðsögn um rétta fingrasetningu
- hafa skoðað og skrifað margvíslega texta, svo sem frásagnir, dagbækur, sögur, ljóð og sendibréf
- hafa kynnst orðabókum og fleiri hjálpargögnum

Málfræði

Við lok 4. námsárs á nemandi að

- hafa öðlast jákvætt viðhorf til móðurmálsins með því að leika sér með það og nota tungumálið á margvíslegan hátt

Ath. kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætluninni! Ef ósamræmi er á milli áætlunar og heimanáms skal fara eftir því sem stendur á Mentor.

Námsáætlun

- geta raðað í stafrófsröð
- þekkja helstu einingar tungumálsins, bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein
- þekkja mun á sérhljóðum og samhljóðum
- kunna að ríma og hafa öðlast tilfinningu fyrir hrynjandi orða
- átta sig á að íslenska er beygingamál
- hafa kynnst mismunandi hlutverkum nafnorða, lýsingarorða og sagnorða
- þekkja mun samnafna og sérnafna
- þekkja hugtökin samheiti og andheiti

Inntak

Megin áhersla námssviðsins er á lestur og læsi, efling orðaforða, ritun, skrift, stafsetning og einföld málfræðihugtök.

Námsefni

Unnið er með Orð af orði, Skinnu, Málrækt, Bláa og Græna blýantinn, Óskastein, Sitt af hverju I, ýmsar ritunaræfingar og efni frá kennara í samþættingu við aðrar námsgreinar.

Kennsluaðferðir og skipulag

Megináhersla vetrarins er að vinna með Orð af orði og samþættingu við aðrar námsgreinar. Einnig áhersla á málfræði- og ritunaræfingar sem unnar eru jafnt og þétt yfir veturinn. Unnið með ljóð, þjóðsögur, upplestur, skýran framburð og hlustun.

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Lögð verður fyrir stöðukönnun og sjálfsmat í lok annar. Unnið er með símat og kvarða yfir veturinn. Heimapróf í bókmenntum.

Tímabil	Dagar	Viðfangsefni, námsefni	Kennsluaðferðir, vinnubrögð	Mat
22. - 26. ág.	4			
29. ág. - 2. sept.	5	Upprifjun	Málfræðiæfingar, ritun og stafsetning. Málrækt bls. 22 – 23.	
5. - 9. sept.	5	Upprifjun	Lesskilningur og hlustun.	

Ath. kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætluninni! Ef ósamræmi er á milli áætlunar og heimanáms skal fara eftir því sem stendur á Mentor.

Námsáætlun

12. - 16. sept.	5	Upprifjun	Málfræðiæfingar, ritun, stafsetning, lesskilningur og hlustun.	
19. - 23. sept.	5	Samræmd próf.		
26. - 30. sept.	4	Sérnöfn og samnöfn.	Málrækt bls. 6-21, 24. Skinna bls. 15.	
3. - 7. okt	2	Sérnöfn og samnöfn.	Málrækt bls. 6-21, 24. Skinna bls. 20.	
10. - 14. okt.	5	Eintala og fleirtala.	Málrækt bls. 25-27. Skinna bls. 25-26.	
17. - 21. okt.	5	Greinir nafnorða.	Málrækt bls. 32-36. Skinna bls. 16 og 38.	
24. - 28. okt.	3	Kyn nafnorða.	Málrækt bls. 44-47. Skinna bls. 30 og 36.	
31. okt. - 4. nóv.	5	Fallbeyging.	Málrækt bls. 50-57 og 71. Skinna bls. 46-47.	
7. - 11. nóv.	3	Upprifjun – nafnorð samantekt.	Efni frá kennara.	
14. - 18. nóv.	5	Lesskilningur og hlustun.	Málrækt bls. 48. Skinna bls. 12, 18, 23, 28, 34, 39, 44	
21. - 25. nóv.	5	Ritun	Málrækt bls. 37, 43, 76-79.	

GILJASKÓLI

Ath. kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætluninni! Ef ósamræmi er á milli áætlunar og heimanáms skal fara eftir því sem stendur á Mentor.